

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

A. Breyting á deiliskipulagi fyrir frístundahúsalóðir í landi Kambshóls.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 7. ágúst 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundahúsalóða í landi Kambshóls í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Um er að ræða fjölgun lóða um 13 innan núverandi deiliskipulagssvæðis, við nýja götu, Neðstaás.

Uppdráttur og greinargerð vegna breytingarinnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

B. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Fornastekk í landi Bjartheyjarsands.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 19. september 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundahúsalóða við Fornastekk í landi Bjartheyjarsands í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Breytingin felst í því að 5 nýjum lóðum er bætt við núverandi frístundabyggðarsvæði.

Uppdráttur og greinargerð vegna breytingarinnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

C. Deiliskipulag fyrir aðveitustöð Landsvirkjunar að Brennimeil.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 19. september 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir aðsveitustöð Landsvirkjunar að Brennimeil í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Um er að ræða deiliskipulag núverandi aðveitustöðvar ásamt þjónustubyggingum auk þess sem heimilt er að reisa allt að 35 m há möstur fyrir raflínur og önnur mannvirki.

Uppdráttur og greinargerð vegna deiliskipulagsins hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Þessar breytingar og deiliskipulag öðlast þegar gildi.

Hlöðum, 3. desember 2001.

Jón Valgarðsson oddviti Hvalfjarðarstrandarhrepps.